

Reykjavík, 21. ágúst 2018

## **Niðurstaða athugunar Fjármálaeftirlitsins á viðskiptaháttum Tryggingar og ráðgjafar ehf. í tengslum við sölu á váttryggingarafurðum NOVIS Insurance Company Inc.**

Fjármálaeftirlitið hóf þann 5. júní sl. í kjölfar þriggja ábendinga frá neytendum, athugun á viðskiptaháttum Tryggingar og ráðgjafar ehf. í tengslum við sölu á váttryggingarafurðum NOVIS Insurance Company Inc. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort kynning, markaðssetning og upplýsingagjöf til neytenda væri í samræmi við lög nr. 32/2005, um miðlun váttrygginga, lög nr. 30/2004, um váttryggingasamninga og einnig reglur nr. 673/2017 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga. Niðurstöður lágu fyrir í ágúst 2018.

Athugasemdir Fjármálaeftirlitsins, að því er varðar mál ofangreindra neytenda, voru eftirfarandi:

- Gerð var athugasemd við markaðssetningu á sjúkdómatryggingu. Vætanlegum viðskiptavinum voru veittar rangar og misvísandi upplýsingar með tilliti til samanburðar við innlendar afurðir. Slíkt er í andstöðu við 28. gr. laga nr. 32/2005, sem kveður á um að váttryggingamiðlari skuli starfa í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur á váttryggingamarkaði og með hag váttryggingartaka og váttryggðra fyrir augum.
- Gerð var athugasemd við að misbrestur hefði orðið á að starfað væri í samræmi við 26. gr. laga nr. 32/2005, um miðlun váttrygginga, sem kveður á um að hver sá sem er í þjónustu eða kemur fram fyrir hönd váttryggingamiðlara skuli við störf sín framvísa fullnægjandi skilríkjum sem gefin eru út af váttryggingamiðlara sem hann starfar fyrir.
- Gerð var athugasemd við fullyrðingar váttryggingasölumanns um að NOVIS væri „risastórt félag í Evrópu“ þar sem slík fullyrðing verður að teljast misvísandi og blekkjandi. Framangreint er ekki í samræmi við 28. gr. laga nr. 35/2005 um góða viðskiptahætti og venjur, sbr. einnig 4. tl. 4. gr. reglna nr. 673/2017 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga.
- Gerð var athugasemd við að upplýsingar um kostnað og þóknanir vegna fjárfestingatengdra váttryggingaafurða hefðu ekki verið kynntar með fullnægjandi hætti fyrir vætanlegum váttryggingartökum og að rökstuðningur fyrir ráðleggingum hefði verið ófullnægjandi. Framangreint samræmist ekki ákvæði 28. gr. laga nr. 32/2005, um góða viðskiptahætti og venjur, sbr. einnig ákvæði 3. tl. 4. gr. reglna nr. 673/2017.
- Gerð var athugasemd við að í upplýsingagjöf til vætanlegra viðskiptavina voru ekki gefnar fullnægjandi upplýsingar um áhættu ásamt því að ekki var veittur skriflegur rökstuðningur vegna þeirra afurða sem mælt var með fyrir viðskiptavini. Slíkt er í andstöðu við skilyrði 31. gr. laga nr. 32/2005, sbr. einnig 1. og 2. mgr. 64. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, um þarfagreiningu og ráðgjöf til viðskiptavina.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að viðeigandi úrbætur yrðu gerðar og er vinna við þær þegar hafin. Félagið hefur frest til 1. september nk. til að ljúka við úrbætur.